

Alþingi
Erindi nr. P 128/732
komudagur 14.1.2003

Dagsetning
Reykjavík, 10. janúar 2003

Tilvisun
001/003/03

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Þingsályktunartillaga um breiðbandsvæðingu

Vísað er til bréfs samgöngunefndar Alþingis, dags. 11. desember 2002, en bréfinu fylgdi til umsagnar þingsályktunartillaga um breiðbandsvæðingu landsins. Í tillögunni segir að „ljúka skuli uppbyggingu fjarskipta- og gagnaflutningsnets landsins á næstu þremur árum þannig að fyrirtæki, stofnanir og heimili hvar sem er á landinu hafi aðgang að bestu fánlegu fjarskipta- og gagnaflutningsmöguleikum með breiðbandinu eða annarri jafngildri tækni. Landssímanum verði einum og sér eða í samstarfi við aðra falið að ráðast í nauðsynlegar fjárfestingar og endurbætur á grunnfjarskiptanetinu til að fyrrgreint markmið náist fram. Landssíminn verði undanþeginn arðgreiðslum til eigenda meðan á áttakinu stendur.“

Af þessu tilefni þykir rétt að eftirfarandi komi fram:

- Svokallaðar alþjónustuskyldur fjarskiptafyrirtækja eru afmarkaðar í 13. gr. fjarskiptalaga nr. 107/1999 og EB tilskipunum sem vísað er til í viðaukum við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Skv. 13. gr. fjarskiptalaga teljast til alþjónustu talsímaþjónusta og gagnaflutningsþjónusta með 128 Kb/s flutningsgetu sem notendur tengjast um heimtaugar almenna talsímanetsins. Því er ljóst að hin metnaðarfullu áform sem fram koma í þingsályktunartillögunni rúmast ekki innan 13. gr. fjarskiptalaga. Jafnframt heimila gildandi EES reglur ekki ríkari alþjónustukvaðir en finna má í gildandi lögum.
- Hins vegar kemur til skoðunar ákvæði 16. gr. fjarskiptalaga, að því marki sem áform um breiðbandsvæðinguna ganga langra en 13. gr. fjarskiptalaga mæli fyrir um. Í umræddri 16. gr., sem ber yfirskriftina „samningar og greiðslur fyrir sértæka fjarskiptaþjónustu, aðra en alþjónustu“, er mælt fyrir um fyrirkomulag á framkvæmdum eða rekstri sem ráðist er í á grundvelli byggðasjónarmiða og ætla má að ekki skili arði, án þess þó að um alþjónustu sé að ræða. Við slíkar aðstæður skal Póst- og fjarskiptastofnun falið að gera samning við fjarskiptafyrirtæki í kjölfar útboðs. Kostnaður vegna slíkra ákvarðana skal að jafnaði greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum.
- Ekki verður séð að heimilt sé að álykta um það á Alþingi að almenningshlutafélag í samkeppnisrekstri verði undanþegið arðgreiðslum til eigenda, með þeim hætti sem tillagan virðist ráðgera. Samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga, nr. 2/1995, sem gilda um starfsemi Landssíma Íslands hf., og


Síminn
við Austurvöll
150 Reykjavík
Sími: 550 6000
Fax: 550 6009
Heimasíða: www.siminn.is
Netfang: siminn@siminn.is

samþykktum félagsins, er það hluthafafundur sem tekur ákvarðanir um arðgreiðslur til u.þ.b. 1200 eigenda þess, á grundvelli tillögu stjórnar félagsins.

- Að síðustu er rétt að benda á að ADSL uppbygging Landssíma Íslands hf. á þéttbýliskjörnum á landsbyggðinni gengur mun hraðar en dæmi eru um í sambærilegum byggðarlögum í nágrennalöndum.

Með vísan til þess sem að framan greinir telur Landssími Íslands hf., að áform um breiðbandsvæðingu landsins, eins og þeim er lýst í þingsályktunartillögunni, myndu falla undir ákvæði 16. gr. fjarskiptalaga ef þeim yrði hrint í framkvæmd. Ekki yrði ráðist í svo umfangsmikla uppbyggingu og rekstur á fjarskiptaþjónustu nema að undangengnu útboði, sem fjarskiptafyrirtækin á markaðnum myndu taka þátt í, ef þeim sýndist svo, á jafnræðisgrundvelli. Kostnaður myndi greiðast úr ríkissjóði. Þá skortir lagagrundvöll fyrir þingsályktun um tilhögun á greiðslu arðs til hluthafa í Landssíma Íslands hf.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssíma Íslands hf.


f.h. Páll Ásgrímsson, hdl.

Afrit:
Samgönguráðuneyti